

Skólaráðsfundur 10. maí 2022

Fundinn sátu: Ingunn Jónsdóttir, Vildís Björk Bjarkadóttir, Lydía Ósk Jónasdóttir, Elenóra Jónsdóttir, Inga Rfósa Sigurjónsdóttir, Óskar G. Björnsson og Hallfríður Sverrisdóttir sem ritaði fundargerð.

Skóladagatal.

Drög að skóladagatali 2022-2023 kynnt fyrir skólaráði. Það er unnið í samráði við alla skólana í Skagafirði. Farið yfir skipulagsdaga skólaársins, vetrarfrí, jólaeyfi og páskaleyfi. Skólasetning er áætluð 23. ágúst og skólaslit 1. júní. Árshátíðir á öllum stigum hafa verið settar inn á skóladagatalið. Engar athugasemdir komu fram á fundinum.

Viðhald á skólahúsnæðinu.

Rætt um skort á viðhaldi á A-álm. Skólaráð er sammála um viðhald á álmunni er orðið mjög brýnt. Húsgögnin í álmunni eru einnig gömul, fyrirferðarmikil og mjög úr sér gengin. Ný húsgögn í álmuna helst strax í haust, myndu breyta heilmiklu um að koma fleiri nemendum fyrir í kennslurýmum, því von er á mjög stórum árgöngum á miðstigið næstu árin. Rætt um að skólaráð þrýsti á um að fá ný húsgögn.

Ytra mat.

Niðurstöður ytra mats, sem fram fór í október, voru kynntar fyrir fulltrúum í skólaráði. Skýrslan er aðgengileg á vef Menntamálastofnunar. Umbótaáætlun sem unnin var í skólanum í kjölfarið var einnig kynnt og henni hefur verið skilað til Menntamálastofnunar.

Niðurstöður úr nemendakönnun Skólapúlsins (6. - 10. bekkur) voru kynntar fyrir skólaráði. Heildarniðurstöðurnar eru ásættanlegar. Margir þættir koma mjög vel út, en niðurstöðurnar sýna einnig nokkur sóknarfæri sem taka þarf á.